



Kynningarmyndir um skógræktarfélagin

Óskar Þór Axelsson kvikmyndagerðarmaður vinnur nú að gerð tveggja stuttra kynningarmyndbanda fyrir Skógræktarfélag Íslands. Annað myndbandið fjallar almennt um starf skógræktarfélaganna og gildi skógræktar. Í hinu myndbandinu er sjónum beint að Græna treflinum sem er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæði í upplandi höfuðborgarsvæðisins. Fjallað verður um þá fjölbreyttu möguleika sem svæðið býður upp á til útivistar og afþreyingar og hugmyndina um Græna stíginn, sem gert er ráð fyrir að muni þræða svæðið í framtíðinni.

Megintilgangur myndbandagerðarinnar er að vekja athygli á því góða starfi sem skógræktarfélagin hafa unnið í gegnum tíðina og hvetja fólk til að leggja skógræktarhreyfingunni lið. Jafnframt vonast Skógræktarfélag Íslands til að myndirnar opni augu fólks fyrir þeim möguleikum sem felast í skógræktarsvæðunum í nútíð og framtíð.

Nú þegar liggja fyrir drög að handritum fyrir báðar myndirnar og eru tölur hafnar. Meðal annars hefur Óskar kvikmyndað ungmenni í atvinnuátaki í Garðabæ og útivistarfólk við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði. Gert er ráð fyrir að tölur standi fram á haust og fari fram á Græna treflinum og skógrækt-

arsvæðum víða um land. Kynningarmyndirnar verða aðgengi- legar almenningi á netinu en þær munu einnig nýtast á fundum, fyrirlestrum og öðrum uppákomum á vegum skógræktarfélaganna.



Óskar Þór Axelsson (t.v.) við upptökur á samkomu hjá Skógræktarfélagi Garðabæjar (Mynd: RF).

Sjálfbóðaliðar á Hálsmelum og í Fossselsskógi

Í sumar hafa níu erlendir sjálfbóðaliðar á vegum sjálfbóðaliðasamtakanna Seeds unnið á Hálsmelum í Fnjóskadal fyrir Skógræktarfélag Fnjóskdæla (sem er aðildarfélag Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga) og í Fossselsskógi fyrir Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga.

Seeds eru íslensk frjáls félagasamtök sem taka á móti erlendum sjálfbóðaliðum til þess að sinna umhverfis- og menningarmálum í samstarfi við sveitarfélög, samtök og einstaklinga.

Í Hálsmelum í Fnjóskadal, þar sem Skógræktarfélag Fnjóskdæla hefur plantað lerkitrjám, unnu þau við að klippa tvítoppa lerkitré og grjóthreinsa slóða.

Í Fossselsskógi var meðal verkefna þeirra að hreinsa greinar frá slóðum, bera kurl á göngustíga, afkvista tré meðfram stígum og planta þin. Þá báru þau á og máluðu bæði klósett og Geirasel, lítið timburhús sem Friðgeir Jónsson, einn fyrsti skógarbóndi landsins og fyrrum starfsmaður Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga, byggði árið 1989 og gaf Skógræktarfélaginu sem afdrep fyrir gesti og starfsmenn.

Sjálfbóðaliðarnir koma frá mörgum löndum, Bandaríkjunum, Kanada, Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu og Spáni.

Ástæðan fyrir komu þeirra er sú að þeir vilja kynnast landi og þjóð og vinna að verkefnum sem tengjast umhverfisvernd.



Á myndinni eru Marion, Mikael og Lisa frá Frakklandi, Patrick og Bell frá Bandaríkjunum, Claudio frá Þýskalandi, Pauline frá Belgíu, Aurélie frá Kanada og Héctor frá Spáni fyrir framan Geirasel í Fossselsskógi (Mynd: Agnes Þórunn Guðbergsdóttir).

Laufblað af nýjum meiði

Þetta Laufblað sem er nú á skjánum fyrir framan ykkur markar tímamót, en þetta er fyrsta Laufblaðið sem kemur eingöngu út raf-rænt.

Laufblaðið kom fyrst út árið 1992. Á þeim tíma var prentað fréttabréf skilvirkasta leiðin fyrir skógræktarfélögin til að koma upplýsingum til félaga sinna. Þá voru aðeins örfá ár liðin frá því Ísland tengdist formlega internetinu og veraldarvefurinn sem almenningsvara enn að þróast. Á upphafsárum háskólanáms undirritaðrar (upp úr miðjum 10. áratug síðustu aldar) var það svo að ef leit var gerð á veraldarvefnum að ýmsum hugtökum á íslensku komu frekar fáar niðurstöður upp, enda þá enn nær eingöngu stærri stofnanir með heimasíður og annað efni á vefnum.

Nú er öldin önnur – sprenging hefur orðið í fjölda heimasíðna, tölvupóstur, blogg og samskiptavefir (s.s. MySpace, Facebook, Google+) hafa komið til sögunnar og fá sífellt fleiri fréttir og upplýsingar stafrænt, í gegnum tölvupóst eða af vefnum. Snjallsímar, lestölvur og aðrar spjaldrölvur eru svo nýjasta útspilið.

Ein áhrif alls þessa er að lestur dagblaða og tímarita á pappír hefur dregist saman undanfarin ár og virðist þróunin vera sú að sífellt fleiri kjósi að lesa sitt efni á skjá en af pappír. Það hefur svo aftur

haft þau áhrif að útgáfa á prenti hefur dregist saman. Inn í það spilar líka efnahagsástandið – auglýsingatekjur hafa dregist saman á sama tíma og kostnaður (prentun, dreifing) hefur aukist. Hefur Laufblaðið ekki farið varhluta af því. Það voru því margvíslegar ástæður fyrir því að ákveðið var að breyta um útgáfuform á blaðinu.

Þrátt fyrir þessa breytingu ætti Laufblaðið enn að vera kunnuglegt dyggum lesendum. Eftir sem áður birtir það fréttir af ýmsu sem er í gangi hjá skógræktarfélögunum um land allt. Von útgefenda og þeirra sem koma að blaðinu er að það verði eftir sem áður uppspretta upplýsinga og fróðleiks fyrir alla meðlimi skógræktarféлага og annað áhugafólk um skógrækt.



Ragnhildur Freysteinsdóttir,
ritstjóri.

Nýir styrktaraðilar að Opnum skógi

Skógræktarfélag Íslands gerði samninga við tvo nýja stuðningsaðila við verkefnið Opinn skóg nú í sumar. Þann 17. maí undirrituðu Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélag Íslands, og Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, undir samstarfssamning og tveimur dögum síðar undirrituðu Magnús og Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, undir samstarfssamning.

Samningarnir lúta að víðtækum stuðningi við skógrækt vegna uppbyggingar á skógræktarsvæðum víða um land. Markmiðið er að auka aðgengi og kynningu á skóglendum með markvissum hætti, en nú þegar hafa tólf svæði verið opnuð undir hatti Opinna skóga. Með þessu verður tryggð endurnýjun og viðhald eldri svæða Opinna skóga, auk þess sem unnið verður að opnun nýrra svæða.

Auk stuðnings við Opinn skóg mun Arion banki styðja ýmis konar fræðslustarf Skógræktarfélag Íslands.



T.v. Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélag Íslands, takast í hendur að lokinni undirskrift (Mynd: RF). Að ofan: Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, og Magnús Gunnarsson (Mynd: BJ).

Blóm í bæ – garðyrkju- og blómasýningin 2011

Garðyrkju- og blómasýningin Blóm í bæ var haldin í þriðja sinn í Hveragerði dagana 23.-26. júní. Þema sýningarinnar að þessu sinni var „Skógur“, í tilefni af alþjóðaári skóga 2011. Skógræktarfélag Íslands var með svæði á hátíðinni til að kynna skógrækt almennt, skógræktarfélögin og starfsemi félagsins. Fengu allir sem vildu kortið *Rjóður í kynnum*, sem er leiðarvísir um 50 skóga um land allt, varðeldur var í gangi allan tímann, sem vakti ávallt mikla athygli yngri kynslóðarinnar og boðið var upp á ketilkaffi síðasta daginn og reyndust margir spenntir fyrir því að smakka það!



Jón Ásgeir Jónsson, starfsmaður Skógræktarfélags Íslands, kynnir starf skógræktarfélaganna fyrir gestum og gangandi. Mörg hundruð manns kirtu í heimsókn, enda lá megin gönguleið inn á aðalsvæði hátíðarinnar framhjá svæði félagsins (Mynd: RF).



Gestir smakka á ilmandi og bragðgóðu ketilkaffi (Mynd: RF).



Á svæði Skógræktarfélagsins mátti sjá ýmis tól og tæki tengd skógrækt, plöntur og skógarafurðir, svo sem eldivið og kurl (Mynd: RF).

Opin hús skógræktarfélaganna

Að venju voru Opín hús skógræktarfélaganna haldin á vormánuðum, en á þeim eru fjölbreytt og áhugaverð erindi um hinar ýmsu hliðar skóga og skógræktar. Í vor voru þrjú Opín hús haldin. Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Garðyrkjufélags Íslands, sagði frá ræktun ávaxtatrjáa út frá eigin reynslu og annarra sem eru að prófa sig áfram með ræktun hérlendis, en aukinn áhugi virðist vera á ræktun ávaxtatrjáa um þessar mundir.

Jón Guðmundsson plöntulífeðlisfræðingur fjallaði svo um belgjurtir og nýtingu þeirra til að auka frjósemi jarðvegs. Fór hann meðal annars yfir helstu næringarefni sem plöntur þurfa og eru í eða skortir í jarðvegi. Einnig sagði hann frá helstu tegundum belgjurta sem nýta má til landbóta í skógrækt og hvernig nota má þær til að draga úr áburðarnotkun, auk þess sem belgjurtir geta stuðlað að lang- og viðvarandi frjósemisaukningu. Þess má geta að Jón hefur skrifað tvær fróðlegar greinar um þetta efni í Skógræktarritið.

Kristinn H. Þorsteinsson garðyrkjufraeðingur hélt svo erindi undir yfirskriftinni „Þú leysir úr álögum sofandi fræ“. Fór Kristinn yfir það helsta sem snýr að fræsöfnun, vinnslu og geymslu fræja, sáningu, græðlingarækt og uppeldi plantnanna fyrstu misserin.



Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Garðyrkjufélags Íslands, fer yfir ræktun ávaxtatrjáa á Íslandi (Mynd: RF).

Laufblaðið

Fréttablað, 20. árgangur, 2. tölublað 2011.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150
Heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2010:

Magnús Gunnarsson formaður.
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður.
Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri.
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

Meðstjórnendur:

Gisli Eiríksson
Páll Ingþór Kristinsson.
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:

Sigríður Heiðmundsdóttir
Vilhjálmur Lúðvíksson
Kristinn Þorsteinsson

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands:




Fundur European Forest Network í Svíþjóð

European Forest Network (EFN) eru óformleg samtök skógræktarféлага í Evrópu og er megin áhersla þeirra að skiptast á upplýsingum um skóga- og skógræktartengd málefni. Fulltrúi Skógræktarfélags Íslands sótti fund EFN í Svíþjóð 26.-28. maí. Auk íslenska fulltrúans mættu fulltrúar frá Svíþjóð, Þýskalandi, Austurríki, Eistlandi, Finnlandi og Skotlandi. Voru allir fulltrúar með kynningu á stöðu skógarmála í sínu heimalandi og spunnust heilmiklar umræður út frá því, en eins og gefur að skilja er töluverður munur á aðstæðum og áherslum skógræktar þessara landa. Einnig var farið í heimsókn til skógarbónda, sem auk skógræktar er með venjulegan búskap, veiði og vindmyllur! Kungliga Djurgården almenningagarðurinn í Stokkhólmi var einnig heimsóttur, en hann er gott dæmi um svokallaða borgarskógrækt. Auk þess fóru þátttakendur á SkogsElmia kaupstefnuna, sem er ein af fimm stærstu skógartengdu kaupstefnum í heimi. Til að gefa hugmynd um stærð hennar þá voru hátt í átta hundruð söluaðilar með bása á svæðinu.



SkogsElmia er sett upp úti í skógi og var hægt að ná ágætis göngutúr með því að ganga um skóginn og líta á alla básana (Mynd: RF).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

			
			
			
			
			
	<p>Skógræktarfélag Íslands þakkar styrktaraðilum kærlega fyrir stuðninginn.</p>		

„Krúsi“ á hvíta tjaldið

Forlata grænn Toyota Land Cruiser pallbill í eigu Skógræktarfélags Íslands á hugsanlega eftir að vekja athygli út fyrir landsteinana á næstunni. Fyrr í sumar voru erlendir kvikmyndagerðarmenn á ferð hér á landi í þeim tilgangi að gera heimildarmynd um Land Cruiser í tilefni af því að nú eru 60 ár frá því að fyrstu bílarnir af þeirri gerð rúlluðu af færbandinu. Kvikmyndagerðarmennirnir mynduðu nokkra vel valda Land Cruiser bíla frá ýmsum tímum og þar á meðal „Krúsa“ eins og sá græni er gjarnan kallaður.

Skógræktarfélagið fékk Krúsa að gjöf frá Toyota um aldamótin og hefur hann staðið sig með mikilli þrýði allar götur síðan. Hann er vinnuþjarkur sem kemur að góðum notum í ólíkum verkefnum allan ársins hring. Gildir einu hvort flytja þurfi áburð og plöntur út í mörkina á vorin eða aka jólatrjám í bæinn í desember.

Pallbillinn góði var myndaður á heimavelli í Brynjudal í Hvalfirði þar sem jólaskóg Skógræktarfélags Íslands er að finna. Undir vökulu auga myndavélarinnar ók starfsmaður félagsins bílnum um torfæra skógarstíga með tilheyrandi vaggi og veltu. Þá felldi hann tré fyrir framan bílinn, kvistaði það og henti bolnum loks upp á pallinn. Ekki var annað að heyra á kvikmyndagerðarmönnum en að þeir

kynnu að meta tilprifin og nú bíða menn spenntir eftir að sjá hvernig sá græni tekur sig út á hvíta tjaldinu.



Krúsi að störfum á Fossá í Hvalfirði (Mynd: Nikulás Magnússon).

Nýr framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga

Nýr framkvæmdastjóri er tekinn við hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga, en fráfarandi framkvæmdastjóri, Johan Holst, er horfinn til starfa í heimalandi sínu, Noregi. Laufblaðið forvitnaðist um nýja manninn.

Hver er maðurinn?

Ég heiti Ingólfur Jóhannsson og bý á Uppsölum í Eyjafjarðarsveit. Nam skrudgarðyrkju við Garðyrkjuskóla Ríkisins og hef unnið við garðyrkju síðan, fyrst hjá Akureyrarbæ við umhirðu opinna svæða og í ræktunarstöð bæjarins. En undanfarin fjórtán ár hef ég rekið eigið fyrirtæki, Garðyrkjuþjónustuna Græna lauf, og unnið þar á breiðu sviði bæði í umhirðu og nýframkvæmdum.

Kynni af skógræktarfélagunum?

Kynni mín af skógræktarfélagum, áður en ég hóf störf hér í Kjarnaskógi, eru aðallega fólgin í því að ég hef verið félagsmaður í Skógræktarfélagi Eyfirðinga talsvert lengi og örlítið kynnst félagsmálunum þar seinni árin. Einnig hef ég unnið fyrir félagið bæði við grisjun skóga og eins lagt hönd á plóg í jólatrjáavertíðinni auk þess að tengjast mörgum starfsmönnum skógræktargeirans í gegnum hin ýmsu verkefni.

Hvernig er framtíðarsýn þín sem framkvæmdastjóra?

Framtíðarsýn mín sem framkvæmdastjóra er ekkert flókin. Hún felst aðallega í því að halda áfram því góða starfi sem hér hefur verið unnið á liðnum áratugum og leitast við að krydda framtíðina eftir kostum. Skógræktarfélag Eyfirðinga á sér yfir 80 ára sögu og á þeim tíma hefur myndast hér ákveðinn „kúltúr“ sem ber að rækta og virða. Að hinu leytnu sýnist mér að ein áhrifin af hruninu fræga séu þau að þörf almennings fyrir tengsl við umhverfi sitt og náttúruna hafi aukist og þar sem færri eru nú uppteknir við t.d. hellaskoðun á Gíbraltar en fyrir nokkrum árum, leita æ fleiri eftir afþreyingu á útivistarsvæðunum okkar og þeirri þörf þurfum við klárlega að vera tilbúin að mæta.

Hvernig leggst starfið í þig?

Að hefja störf hér hefur verið ánægjuleg upplifun. Hér er gott starfsfólk og verkefnið fjölbætt og ekki skemmir starfsumgjörðin

sem er Kjarnaskógur, ein af útivistarperlum Eyfirðinga sem Skógræktarfélagið sinnir.

Hvernig er „dagur í lífi framkvæmdastjóra“?

Hér er enginn dagur eins og sá fyrri. Starfsmenn félagsins halda til starfa, t.d. við slátt á grasflötum, sinna viðhaldi á leiktækjum og einhverjir fara að búa niður eldivið, þá þarf kannski að afgreiða feiminn útskurðarlistamann sem vantar lerkifjöl til að skera í, helst svipaða og þá sem hann fékk hér fyrir tveimur árum. Því næst er fyrirhuguð

grisjun skipulögð og gerðar ráðstafanir til að endurnýja ræsi svo hægt sé að keyra timbrinu út og svo má ekki gleyma símanum sem er duglegur að minna á sig og ber þar ýmislegt á góma, allt frá vandamálum í rófurækt, til umsókna um landnemaspildur í skógræktarlandinu okkar í Saurbæ.

Ingólfur í grisjunarvinnu í Öxnafellu í Eyjafjarðarsveit fyrir nokkrum árum (Mynd: Ingólfur Jóhannsson).



Fyrsti Öskjuhlíðardagurinn

Fyrsti Öskjuhlíðardagurinn var haldinn hátíðlegur laugardaginn 7. maí. Heppnaðist dagurinn mjög vel, enda var blíðskaparveður og mættu mörg hundruð manns á hátíðina.

Jón Gnarr borgarstjóri setti hátíðina formlega en því næst undirrituðu Jón, Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, undir samkomulag um stofnun starfshóps sem móta á samstarf Reykjavíkurborgar, Háskólans í Reykjavík og Skógræktarfélags Íslands um útivistarsvæðið í Öskjuhlíð, með það að markmiði að styrkja svæðið sem náttúruperlu, útivistar- og kennslusvæði.



Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, Jón Gnarr borgarstjóri og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, skrifuðu undir samkomulag um samstarf (Mynd: RF)

Boðið var upp á tvær skógargöngur með leiðsögn um Öskjuhlíðina og enduðu þær báðar á ljóðalestri. Hér les Gerður Kristný upp ljóð (Mynd: RF).

Að undirskrift lokinni tók hver viðburðurinn af öðrum við. Borgarstjóri sýndi gestum hvernig búa á til mottu, sem hann hefur gert á heimili sínu í árararir og Kristinn Þorsteinsson garðyrkjufræðingur veitti ráðgjöf og fræðslu um fræsáningu og vorverkin í garðinum. Nemendur HR og Listaháskólans sýndu gagnvirk listaverk, sem voru sérlega vinsæl meðal yngri kynslóðarinnar. Rúmlega 60 manns tóku þátt í rathlaupsleik Vals og Heklu um Öskjuhlíðina og tvær fjölskyldugöngur voru farnar, undir leiðsögn Stefáns Pálssonar sagnfræðings, Yngva Þórs Loftssonar landslagsarkitekts og Steinars Björgvinssonar skógfræðings og lauk þeim á ljóðalestri í hlíðinni. Í fyrri göngunni voru það ljóðskáldin Gerður Kristný og Þórarinn Eldjárn sem fóru með ljóð, en í þeirri seinni Vilborg Dagbjartsdóttir og Sigurður Pálsson. Einnig mátti sjá skógarmenn að verki við grisjun og svo var stór sög á svæðinu til að saga efniviðinn sem til féll í planka. Hjálparveit skáta í Kópavogi bauð upp á siglingu í Nauthólsvíkinni og Opið hús var í Barnaskóla Hjallastefnunnar. Fjölbreytt tónlist var einnig í boði. HR-bandið hitaði upp fyrir hátíðina í byrjun dags, um hádegið tók Ragnar Bjarnason lagið ásamt Þorgeiri Ástvaldssyni og í lok hátíðarinnar tróð Gleðisveit lýðveldisins upp.



Ýmsum trjám og runnum plantað á svæðum skógræktarfélaganna

Á vordögum bárust fréttir af því að verið væri að selja plöntur úr gjaldþrota gróðrarstöð á Akranesi. Forsvarsmenn Skógræktarfélags Íslands, sem þá höfðu nokkru áður innsiglað samning við Innanríkisráðuneytið um framhald atvinnuáttaks, sáu sér leik á borði að eignast þessar plöntur í því skyni að nota þær í verkefnum sumarsins. Í framhaldi var haft samband við dótturfélag Arion banka, Landsel, sem fór með eign hins gjaldþrota fyrirtækis og náðust mjög hagstæðir samningar um kaup á öllum þeim plöntum sem voru í gróðrarstöðinni en það voru um 50 þúsund garðplöntur af ýmsum gerðum. Skógræktarfélagi Akraness var falin varsla og umhirða á plöntunum. Öllum aðildarfélögum Skógræktarfélags Íslands var gefinn kostur á því að fá plöntur, að því gefnu að þær færu í svæði félaganna, en fyrst og fremst hefur þessi viðbót nýst atvinnuáttaksverkefnum félaganna. Þegar þessi klausa er fest á blað í lok ágúst mánaðar er lunginn af trjáplöntunum kominn í jörð í fjölmörg svæði félaganna um land allt. Segja má að fjölbreytni og litskrúð hafi aukist til muna þegar tugir nýrra trjátegunda og runna hafa bæst við útivistarskóga skógræktarfélaganna.



Mörg skógræktarfélög voru snögg að nýta sér þetta tækifæri og fækkaði plöntum ört eftir því sem leið á sumarið (Mynd: BJ).

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Alþýðusamband Íslands,
www.asi.is, Sætúni 1
Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
B.K. flutningar ehf, Krosshömrum 2
Bílasmiðurinn hf, sími 567 2330,
Bíldshöfða 16
BSR ehf, Skógarhlíð 18
Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
Garðmenn ehf, Skipasundi 83
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Gjögur hf, Kringlunni 7
Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
Háskóli Íslands, Suðurgötu
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Merkismenn ehf, Ármúla 36
Olíudreifing ehf, Gelgjutanga
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
Samiðn, Borgartúni 30
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
TRENX - Hópfæðamiðstöðin,
Hesthálsi 10
Trésmiðjan Jari ehf, Funahöfða 3
Umhverfis- og samgöngusvið
Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
Þ Þorgrímsson og Co ehf, Ármúla 29

Kópavogur

Bílaþvottastöðin Løður ehf
Byggðáþjónustan ehf, bókhald,
Auðbrekku 22
Eggja- og kjúklingabúið,
Elliðahvammi, Vatnsenda
Inniðir ehf, sími 564 3636,
Smiðjuvegi 36
Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda
MHG verslun, Akralind 4

Garðabær

Geislatækni ehf, Laser-þjónustan,
Suðurhrauni 12c
Manus ehf, Smiðsbúð 7
Samhentir-Umbúðarlausnir,
Suðurhrauni 4

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf, Álfhelli 1
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð,
Gullhelli 1
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8

Raftaki ehf, Efstuhlíð 4

RST Net ehf, Álfhelli 6

Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a

Verkalýðsfélagið Hlíf,

Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum,
Iðavöllum 12
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14
Æco bílar ehf, Njarðarbraut 19

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a

Mosfellsbær

Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
Kjósarhreppur, www.kjos.is, Ásgarði
Nonni litli ehf, Þverholti 8
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6

Akranes

Straumnes ehf, rafverktakar,
Krókatúni 22-24

Borgarnes

Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
Sæmundur Sigmundsson ehf, Brákarey

Hellissandur

Sjávariðjan Rifi hf, Hafnargötu 8

Ísafjörður

Ferðaþjónustan í Heydal, Mjóafirði
Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi

Súðavík

Víkurbúðin ehf, Grundarstræti 1-3

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1

Þingeyri

Skjólskógar á Vestfjörðum, Aðalstræti 12

Blönduós

Gullregn - garðplöntustöð, Auðkúlu 1

Skagaströnd

Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3

Sauðárkrúkur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Skagafjarðarveitur ehf,
www.skv.is, Borgarteigi 15
Útgerðarfélagið Sæfari ehf, Hrauni

Akureyri

Höldur - Bílaleiga Akureyrar,

Tryggvabraut 12

Ísgát ehf, Hrafnabjörg 1

Orlofsbyggðin Illugastöðum, Fnjóskadal

Raftákn ehf, Glerárgötu 34

Laugar

Gistiheimilið Stóru-Laugar,
sími 464-2990, Stóru-Laugum

Mývatn

Eldá ehf, Helluhrauni 15
Jarðböðin við Mývatn,
Jarðbaðshólum

Vopnafjörður

Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlíð 15

Egilsstaðir

Bílamálun Egilsstöðum ehf,
Fagradalsbraut 21-23
Dagskráin Austurlandi,
Miðvangi 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Eskifjörður

Fjarðarþrif ehf, Kirkjustíg 2

Neskaupstaður

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf,
Hafnarbraut 10
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði

Hornabrauð ehf, Litlubró 1
Skinney - Þinganes hf, Krossey
Sveitafélagið Hornafjörður,
Hafnarbraut 27

Selfoss

Búnaðarfélag Bláskógarbyggðar,
Dalbraut 1
Búnaðarsamband Suðurlands,
Austurvegi 1
Jóhann Helgi og Co ehf, Vatnsholti 2
Ölur, skógræktarstöð,
Sólheimum Grímsnesi

Hveragerði

Ficus ehf, Bröttuhlíð 2


Flúðir

Flúðafiskur, Borgarási

Hella

Árhús ehf, Rangárbökkum

Barnahornið



Krakkar! Hjálpið skógarbirninum að komast í rúmið sitt!

Veistu svarið?

- A) Tré tvöfaldaði hæð sína árlega, þar til það náði hámarks hæð við tíu ára aldur. Hversu mörg ár tók það tré að ná hálfri hámarks hæð sinni?
- B) Þegar Jói var sex ára rak hann nagla í uppáhalds tré sitt til að merkja hversu stór hann væri. Tíu árum síðar, þegar hann var sextán ára, kom hann aftur til að sjá hversu mikið herra naglinn stæði. Ef tréð óx um 5 sentimetra á ári, hversu mikið hærri er naglinn í trénu?
- C) Hversu langt geturðu gengið inn í skóginum?
- D) Þú stendur inni í miðjum skógi. Út úr honum eru fjórar leiðir – norður, suður, austur og vestur. Í norðri er skógurinn svo hár og þéttur að þú kemst ekki í gegn um hann og þú hefur engin áhöld til að fella trén. Í vestri er svo stór hola í jörðinni að þú kemst ekki yfir hana, ekki einu sinni með reipi. Í suðri eru þrjú ljón, sem hafa ekkert borðað í þrjá mánuði. Í austri er stærðar steinn, sem er of hár til að klifra upp hann og of breiður til að komast framhjá. Hvernig sleppurðu út úr skóginum?

Svar við Veistu svarið? A) Níu ár. Af því að á tunda árinu tvöfaldaði það hæð sína í síðasta sinn og náði þá hámarks hæð. B) Sömu hæð, tré hækka upp í toppinn en ekki alveg frá rót. C) Hálfra leið, eftir það eru að ganga út úr honum. D) Þú ferð til suðurs. Ef ljónin hafa ekkert borðað í þrjá mánuði eru þau dauð úr hungri!

Vormarkaður á Elliðavatni

Skógræktarfélag Reykjavíkur hélt vormarkað á Elliðavatni í annað sinn dagana 13.-15. maí. Eins og í fyrsta skiptið var ýmislegt í boði. Að þessu sinni var Félag trérennismiða með sölubásana og kaffistofu, auk þess sem sýnikennsla var á rennismiði, en að auki var Skógræktarfélagið með ýmsan varning úr skóginum til sölu – eldivið, bolvið og kurl. Fuglavernd og Ferðafélag Íslands voru svo með kynningu á starfsemi sinni og stóðu fyrir fræðslugöngum og börnin gátu smellt sér á bak hesta frá fyrirtækinu Íslenski hesturinn. Íþróttasamband Íslands kynnti stafgöngu, boðið var upp á kennslu í fluguhnýtingum og Gámapjónustan bauð upp á ókeypis moltu í garðinn. Einnig var haldið Vorblót að Vatni á vegum Ásatrúarmanna.



Það mátti finna fjölbreyttan trjávarning á söluborðunum á vormarkaðnum (Mynd: RF).



Fullkomnasta skógarplöntustöð landsins!



Barri
Skógræktarstöð

Barri hf rekur fullkomnustu skógarplöntustöð á Íslandi að Valgerðarstöðum 4 í nágrenni Egilsstaða.

Barri er leiðandi fyrirtæki í innleiðingu nýjunga á sviði skógarplönturæktunar og hefur byggt sérhannaða kæli- og frystigeymslu fyrir skógarplöntur.

Til sölu verða í vor ýmsar tegundir skógarplantna bæði í pappakössum af frysti og bökkum með plöntun fyrirveruðum á hefðbundinn hátt.

Barri hf. rekur Gróðrarstöðina á Tumastöðum í Fljótshlíð.

Á Tumastöðum verða til sölu flestar tegundir skógarplantna og pottaplöntur sem eru ræktaðar hjá fyrirtækinu.

Barri selur og sendir skógarplöntur um allt Ísland auk Færeyja og Grænlands.

Ræktunargeta Barra er allt að 130 þúsund fjölpottabakkar á ári.

www.barri.is • barri@barri.is

Leiðarvísir um skóga landsins

Skógræktarfélag Íslands og Arion banki gáfu út skógakortið *Rjóður* í kynnum í sumar en í því er að finna upplýsingar um 50 áhugaverða útivistarskóga um land allt. Skógarnir eru af öllum stærðum og gerðum, langflestir í alfara-leið og margir í næsta nágrenni við helstu þétt-býlisstaði. Þeir eru því upplagðir áningarstaðir fólks sem á leið um landið. Eins og nafn kortsins gefur til kynna er megintilgangur þess að vekja athygli landsmanna á skógunum og hvetja þá til að staldra þar við og eiga ánægjulegar stundir í skjóli trjáa.

Á kortinu má sjá staðsetningu reitanna og einnig er stutt lýsing á hverjum og einum reit ásamt upplýsingum um aðstöðu/þjónustu á staðnum og GPS-hnit sem auðveldar fólki að finna þá.

Kortinu hefur verið dreift ókeypis í útibúum Arion banka, upplýsingamiðstöðvum ferðamála, garðplöntusölum og víðar. Viðtökur hafa almennt verið mjög góðar en eins og gefur að skilja sakna sumir ákveðinna skóga. Þar sem mörkin voru sett við 50 skóga þurfti að velja og hafna og hefði auðveldlega mátt velja 50 til viðbótar. Fyrir valinu urðu skógar í umsjá skógræktarfélaganna og Skógræktar ríkisins og annarra. Við valið var einnig litið til mikilvægis skóganna, legu þeirra, aðstöðu og aðgengis. Þá var þess gætt að skógarnir dreifðust nokkuð vel um landið.

Skógakortið *Rjóður* í kynnum er gefið út í tilefni af alþjóðlegu ári skóga árið 2011.



Girðingaeefni í miklu úrvali

Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu ráðleggingar og/eða tilboð í stærri verk.

Hlið stækkanleg og í föstum stærðum.

www.lifland.is

Lynghálsi 3 Reykjavík **Lónsbakka Akureyri**
 sími : 540 1125 sími : 540 1150


LÍFLAND

Gróðursetning í Kamtsjatka-reit

Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir skógarferð til Kamtsjatka haustið 2008. Eins og oft áður var nokkuð um það að ferðafélagar tíndu fræ af hinum og þessum trjátegundum til að prófa héraendis. Rætt var um það í ferðinni að innheimt yrði „tíund“ af þeim plöntum sem af fræi þessu myndi vaxa. Þriðjudaginn 28. júní síðastliðinn hittist því hluti ferðalanganna í Vífilsstaðahlíð í Garðabæ, en þar er reitur með plöntum upprunnum frá Kamtsjatka, sem aldar eru upp af fræi safnað í fræsöfnunarferð Óla Vals Hanssonar og Brynjólfs Jónssonar þangað árið 1993. Var nú bætt í það safn með plöntum ræktuðum upp af fræjum úr ferðinni 2008 og var meðal annars sett niður lerki, steinbjörk, runnareynir og heiðarós.



Að ofan. Ferðin var rifjuð upp milli þess sem plöntur voru settar niður (Mynd: RF).

Til hægri. Hjálpast að við að setja niður plöntur (Mynd: RF).



Framkvæmdir í Hálsaskógi

Um þessar mundir vinna starfsmenn Skógræktarfélags Djúpavogs við uppsetningu á salernisaðstöðu í skóginum og er vinna við að klæða húsið að utan með efniviði úr skóginum þegar hafin. Salernið er punkturinn yfir i-ð í þessum frábæra skógi, sem inniheldur gott stígakerfi, merkilegar mannvistarleifar, rjóður, borð og bekki, að ógleymdum öllum fallegu trjánum sem þar dafna.



Einnig hefur útskurðarmeistari, Vilmundur í Hvarfi, heim sótt skóginn í vetur og hafið að skera út listaverk úr stóru tré sem fellt var í skóginum. Listaverkið verður vonandi fullklárað næsta vor þegar Skógræktarfélag Djúpavogs verður 60 ára.

Myndarlegasti skógarálfur að verða til (Mynd: JAJ).

Heimsókn til Landgræðslu ríkisins

Þann 22. júní hélt stjórn Skógræktarfélags Íslands stjórnarfund í Gunnarsholti hjá Landgræðslu ríkisins. Starfsmenn stofnunarinnar, þeir Guðmundur Stefánsson sviðstjóri og Kjartan Már Benediktsson umsjónarmaður, tóku á móti stjórnarmönnum og sögðu frá starfseminni.

Meðal annars skoðuðu stjórnarmenn tilraunaverkefni þar sem ræktaður er loðvíðir og umfeðmingur ásamt fleiri niturbindandi tegundum sem hjálpa víðinum að komast á legg.

Stjórnarmenn skoða tilraun með niturbindandi tegundir. (Mynd: BJ).



Nýr trjásýnistígur í Garðabæ

Á Smalaholti í Garðabæ er búið að taka nýjan stíg í notkun. Nýi stígurinn er hluti af stígum sem Skógræktarfélag Garðabæjar hefur skipulagt og lagðir hafa verið undanfarin sumur. Þeim er ætlað að auka tækifæri til útivistar á holtinu, en þar er að vaxa upp fjölbreyttur skógur. Smalaholt er elsta skógræktarsvæði á vegum Skógræktarfélags Garðabæjar en þar var byrjað að planta 1988. Nýi stígurinn hefur þá sérstöðu að meðfram honum er búið að setja niður hinar margvíslegustu trjá- og runnategundir og setja upp skilti með heiti viðkomandi plöntu.

Stígurinn var formlega opnaður með pompi og prakt þriðjudaginn 9. ágúst. Hófst dagskráin á því að Gunnar Einarsson,

bæjarstjóri Garðabæjar, og Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, klipptu á borða yfir stíginn, en að því loknu tók við gönguferð í góða veðrinu eftir nýja stígakerfinu. Lauk henni með hressingu á góðum stað á holtinu, þar sem Emil Friðfinnsson spilaði á franskt horn. Þar fluttu Gunnar og Brynjólfur ávörp, auk þess sem Erla Bil Bjarnardóttir, formaður Skógræktarfélags Garðabæjar, tók til máls. Dagskránni lauk svo með því Gústaf Jarl Viðarsson, umsjónarmaður skógræktarsvæða, leiddi gesti um nýja stíginn og fjallaði aðeins um þær tegundir sem þar má finna. Um þrjátíu manns mættu á opnunina, sem tókst í alla staði vel, enda var sólskin og blíða á meðan á henni stóð.



Erla Bil Bjarnardóttir, formaður Skógræktarfélags Garðabæjar, segir frá skógrækt og stígum í Smalaholtinu (Mynd: RF).



Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, og Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, opna stíginn formlega með því að klippa á borða (Mynd: Kristrún Sigurðardóttir).

Allir njóta góðs af atvinnuátaki

Skógræktarfélag Íslands stendur nú þriðja árið í röð fyrir sérstöku atvinnuátaki í samstarfi við innanríkisráðuneytið, sveitarfélög og skógræktarfélög um land allt. Góður árangur hefur verið af verkefninu og í nafni þess hafa skógarreitir um land allt fengið kærkomna andlitslyftingu. Menn hafa haldið út í mörkina og plantað trjám, borið á, grisjað skóga og lagt göngustíga svo fátt eitt sé nefnt. Verkefnið er með svipuðu sniði nú og fyrri ár. Verkin eru unnin á svæðum í umsjón skógræktarfélaganna, sveitarfélögin ráða starfsfólk og greiða því laun og Skógræktarfélag Íslands stendur straum af kostnaði vegna aðfanga upp að vissu marki.

Gengið hefur verið frá samningum upp á um 50 ársverk sem er sambærilegt við fyrri ár. Umfang verkefnanna er mismikið milli sveitarfélaga en stærstu verkefni eru unnin á skógræktarsvæðum í umsjón Skógræktarfélags Garðabæjar og Skógræktarfélags Kópavogs. Nokkur ný sveitarfélög og skógræktarfélög taka þátt í átakinu að þessu sinni. Helst ber til tíðinda að í ár tókust samningar milli Skógræktarfélags Íslands, Skógræktarfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Er það Skógræktarfélagi Íslands mikið gleðiefni að tekist hafi að koma á atvinnuátaki í skógrækt í stærsta sveitarfélagi landsins.

Atvinnuátakið kemur samfélaginu til góða á ýmsan hátt. Fyrir utan að skapa vinnu fyrir fólk sem ella sæti auðum höndum stuðlar það að ræktun og umhirðu útivistarskóga sem nýtast öllum almenningi. Útivistarskógarnir eru flestir í næsta nágrenni við byggð og njóta vinsælda meðal heimamanna og ferðafólks. Þegar kreppir

að í efnahagslífinu eins og nú um stundir aukast vinsældir þeirra enn frekar. Þá hefur fólk síður ráð á að ferðast um langan veg eða greiða háar fjárhæðir fyrir afþreyingu og útivist. Þess í stað lítur það sér nær og nýtir sér þá möguleika sem bjóðast í næsta nágrenni. Það er því mikið þarfaverk að hirða um þessa skóga og byggja upp og bæta aðstöðu í þeim. Þeim fjármunum sem renna í það er vel varið.



Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, og Ögmundur Jónsson innanríkisráðherra, við undirritun samnings um atvinnuátak 2011 (Mynd: BJ).

Haustraukar í Blómavali...



...eru loforð um litríkt vor.




blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík